



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 13. fundar
(1. fundur á skólaárinu 2013-2014)
Þriðjudaginn 19. nóvember 2013 kl. 15:30

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Isabelle Helga Proppé Bailey, 10. bekk, fulltrúi nemenda
Þór Guðnason, 9. bekk, fulltrúi nemenda
Sigrún Edda Theodórsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Karen Ósk Úlfarsdóttir, fulltrúi kennara
Jón Þór Sturluson, fulltrúi foreldra
Guðrún Elísa Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldra
Ragnheiður Hanson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu

Fundarritari var Sigrún Edda Theodórsdóttir

Margrét bauð alla velkomna og setti fundinn. Að þessu sinni hefur orðið mikil breyting á ráðinu milli ára; annar fulltrúi nemenda, báðir fulltrúar foreldra, báðir fulltrúar kennara og fulltrúi annars starfsfólks sátu sinn fyrsta fund.

1. Hlutverk skólaráðs

Margrét kynnti reglugerð um skólaráð frá 2008 og lagði fram sem fundargagn. Fjallað var sérstaklega um 2. greinina í fyrstu þar sem verkefni skólaráðs eru tíunduð. Nokkrar umræður spunnustu um þennan lið. Jón Þór spurði hvort skólinn hafi markað sér stefnu um tengsl hans við grenndarsamfélagið. Margrét svaraði því til að slík stefna sé ekki skráð sem slík en allt frá stofnun skólans hefur það verið á dagskrá á hverju ári að nemendum skólans sé gefinn kostur á að heimsækja söfn, stofnanir og fyrirtæki í miðborginni. Staðsetning skólans í upphafi var m.a. valin með það í huga. Í framhaldinu var rætt um að það sé jafnvel ástæða til að skólaráðið ræði sérstaklega þessi tengsl.

Fjallað um 3. grein um kosningu í ráðið: Kennarar og nemendur höfðu mótað sér reglur um með hvaða hætti skuli valið í ráðið (gert grein fyrir því með hvaða hætti nemendur kjósa í ráðið í fundargerð 2011) en þegar skólaárið hófst áttu foreldrar eftir að móta sér slíkar reglur. Sú vinna fór af stað í kjölfar haustfunda og kosningu fulltrúa foreldra í foreldraráð. Eftirfarandi viðmiðunarreglur voru sendar til skólastjóra í nóvember:

Eftirfarandi i tillaga var samþykkt af foreldrum skólans um val fulltrúa foreldra í skólaráð:

- Að einn fulltrúi sé kosinn á hverju ári úr hópi 9. bekkjar foreldra – til tveggja ára.
- Ef enginn gefur kost á sér á hefðbundnum haustfundum með foreldrum sé leitað til foreldrafulltrúa í foreldraráðinu.
- Ef fulltrúi foreldra sem hefur verið kosinn til tveggja ára er ekki lengur í foreldrahópnum (ef nemandinn hættir í skólanum), þá er leitað til foreldrahópsins í 10. bekk og óskað eftir að einhver úr þeirra röðum gefi kost á sér.
- Ef enginn gefur kost á sér er á ný leitað til fulltrúa foreldra í foreldraráðinu um setu til eins árs.


Jón Þór Sturluson, fulltrúi í foreldrafélaginu og 9. bekkjar foreldri, gaf kost á sér til setu í skólaráði til tveggja ára.

Þrír úr 10. bekk gáfu kost á sér og eftir kosningu sem fram fór rafrænt var niðurstaðan sú að **Guðrún Elísa Þorkelsdóttir** fékk flest atkvæði og situr í ráðinu til eins árs.

2. Verkefni skólaráðs á síðasta skólaári.

Margrét sagði frá viðfangsefnum skólaráðs á síðasta ári (sjá má fundargerðir á heimasíðunni). Haldnir voru þrír hefðbundnir fundir en fjórði fundurinn var svo nefndur „opinn fundur“ undir yfirskriftinni: „Hvernig getum við gert gott skólastarf enn betra“. Unnið var með spurningar sem höfðu vaknað í kjölfar svo nefnds heildarmats Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Okkur langaði að fá tillögur frá nemendum og foreldrum um hvernig við getum bætt skólastarfið.

Samantekt á tillögum var kynnt á skólaráðsfundinum. Þær tillögur sem eru undirstrikaðar eru þær sem þegar er búið að taka upp eða verða nýttar á skólaárinu:



Að gera gott starf enn betra – með ykkar hugmyndum,

samantekt af „opnum fundi á vegum skólaráðs“:

Aukin hreyfing

Kramhúsið ☺ Blanda saman félagsstarfi og hreyfingu, t.d. hjólaferðir, gönguferðir. Gott að leggja árherslu á annað en hefðbundnar íþróttir, eins og fótbolta. Hlaup í kringum Tjörnina, útileikir, ganga með gæludýr, t.d. gæludýradagur.

Okkir líst mjög vel á samstarf við Samfés. Spurning hvort íþróttakennarinn geti aðstoðað við að undirbúa Skólahreysti. Okkar reynsla: Öflugra foreldrafélag sem stendur fyrir samveru utan skólans, fjalla einnig um mataræði, nýta Mæðragarðinn markvisst, hafa sérnestistíma, sérfrímínútur, þar sem gefst tími til að fara út, hafa ávexti í boði (Ávaxtabíllinn, Hollt og gott), fá íþróttafólk til að kynna íþróttina sína, hvetja til hreyfingar utan skóla, sund, auka samvinnu við Kramhúsið, Klifurhúsið, Skautahöll, skemmtigarður í Grafarvogi, leikfimi inni í stundatöflu, ekki í lok dags, fá fræðslu um næringu og hreyfingu, þátttaka í Náttúruskólanum, ganga eða hjóla meira,

Val: Skólahreysti, tungumál, Nauthólsvík (bátar í samstarfi við ÍTR), víkingatímabilið, trúarbrögð til forna, handavinna. Hafa áhugakönnun meðal krakkanna. Heimsókn í Listaháskólann, Ræða við listnema, tónlistartengt nám, viðburðastjóri til að stýra atriðum; eins og í Skrekk, Hljómskálinn – tónlistarviðburðir, smíði, heimilisfræði, handavinna, tölvukennsla, Skólahreysti, þematengd valfög (lönd, borgir...), framhaldstungumálanám, spænskukennsla, forritun, tölvuleikjagerð, þriðja tungumál, norræn goðafræði, keramik (Keramikhúsið á Laugavegi, hópar geta komið á námskeið), fatahönnun (Alda með hugmynd að kennara), skapandi skrif (biður bókasafnið upp á það?), meiri fjölbreytni í myndmennt, prjónanámskeið, saumar (Heimilisiðnaðarskólinn, rétt hjá, fín aðstaða), Suðurhlíðaskóli (góð aðstaða fyrir heimilisfræðslu), myndbandatímar, tungumálaklúbbur, andlistmálun, styrtifræði, saumar eða prjón, forritun, leikjagerð.

Félagsstarf:

Skrekkur, gera viðhorfskönnun meðal nemenda, vinaböll, bekkjarkvöld, opið hús (ath. með félagsmiðstöð), hvatning að hausti til að taka þátt í skólahreysti, fara saman á skauta, vinaböll með öðrum skólum, bekkjarfulltrúar komi með hugmyndir að atburðum til nemendafélags, nemendur vilja hittast meira, fastur tími á stundatöflu þar sem félagsstarf er skipulagt eða í námstíma, skólahreysti, leiklistarkennari hjálpi í Skrekk, bekkjarkvöld, karoki og Wii... ath. með Facebokargrúppur, þegar viðburðir eru er gott að senda mail á foreldra og nemendur svo allir muni.

Annað:

Gott að geta boðið upp á mat í hádeginu (x 2). Sleppa 5 mín. frímínútum, setja sund og leikfimi í fyrsta tíma, byrja skólann fyrr á morgnana, verklegar æfingar í náttúrufræði, nemendur taki þátt í sætaskipan, hafa próf í fyrsta tíma á morgnana, fá nemendaeldhús. Starfskynningar fyrir 10. bekk, tengjast betur atvinnulífinu, nýta foreldrana. Hvetja til útivistar í íþróttum, meira verklegt nám, ath. landafræðibók (skemmtilegar bækur).

Nokkrar umræður spunnust um þennan lið og Margrét benti á að skólaráðið þyrfti að hugleiða hvernig „opinn fundur“ þessa skólaárs eigi að vera. Það verður tekið fyrir á fundi síðar.

Undir þessum lið fór Margrét einnig sérstaklega yfir hvernig kveðjustund útskriftarnema, aðstandenda og kennara var framkvæmd síðast liðið vor. Eftir skólaslit hittust fjölskyldur útskriftarnema í skólanum. Nemendur höfðu skreytt stofuna sína og allir komu með eitthvert góðgæti á hlaðborð. Þetta reyndist mjög ljúf samverustund og því stungið upp á að endurtaka þetta næsta vor.

3. Viðfangsenfi skólaráðs á þessu skólaári, áætlun

Ákveðið var að hafa a.m.k. tvo hefðbundna fundi eftir jól og síðan einn opinn fund.

Á næsta fundi (2) verður farið yfir umbótaáætlun í kjölfar skólaráðs og m.a. hugað að skylduverkefnum s.s. öryggismálum skólans. Jón Þór spurði um skylduverkefni skólaráðs á þessum vetri. Margrét vísaði í fundargerðir fyrri ráða þar sem öll atriði nema rekstraráætlun hafi verið tekin fyrir á þeim þremur árum sem ráðið hefur verið starfrækt.

Á 3. fundi verður nemendaráði boðið að koma á fund og á þeim fundi verður unnið með skóladagatal skólans fyrir næsta skólaár.

Fjórði og síðasti fundur verður síðan „opinn fundur“.

Aðrir umræðupunktur:

- Kynna skólaráðið meðal nemenda og foreldra, rætt um leiðir, Facebook, fundargerð í örstuttu máli, heimasíðan, kynna á jólafröndrinu, nemendur fái kynningu í skólanum viku fyrir fundi, kennarar ráðsins kynni starfið inni í bekkjum.
- Halda opinn fund, hugmyndir: Óhefðbundinn með foreldrum og nemendum, fá fyrirlesara, hugarflugsfund, fá álit á sjálfsmati sem var notað í fyrsta sinn í lok 1. annar og verður endurtekið í lok 2. annar.

Margrét ítrekaði að allir í ráðinu geta óskað eftir viðbótarfundum, ef ástæða er til.

4. Önnur mál

Margrét sagði frá heimasíðunni sem varð óvirk síðast liðið sumar. Leitað var til heimasíðugerðarmanns í lok júní. Ákveðið var að skipta um heimasíðuaðila fyrir um hálfum mánuði og nú fer að hylla undir að ný síða verði að veruleika.

Nestismál rædd. Það er ávallt talsvert snúið að hafa eitthvað matarkyns á boðstólum í skólanum. Gerður var samningur við Björnsbakarí í byrjun skólaárs og nú geta nemendur pantað alla daga vikunnar og fá ávexti á fimmtudögum. Hafragrauturinn á sínum stað fyrir hádegi alla daga.

Skólaráð Tjarnarskóla 2013-2014

Hugmyndir komu upp um að athuga þjónustu hjá BSÍ og Bergson. Fulltrúi nemenda nefndi að nemendaráð og ferðanefnd 10. bekkjar gætu verið með eitthvert tilboð öðru hverju (voru t.d. með pizzutilboð fyrir stuttu) .

Margrét minnti einnig á að skólaráðið hefur staðið fyrir leikhúsferð nemenda og foreldra. Ragnheiður stakk upp á að fara á hestbak í Laxnesi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið eftur u.þ.b. klukkustund.

Næsti fundur þriðjudaginn 21. jan. kl. 8.30. Fundarboð verður sent með fyrirvara til að kanna hvort tíminn hentar þeim sem eru ekki í skólanum.